

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 11. júní 2021
Mnr. 2021040074



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Beiðni um að ráða leikskólastjóra á Þingeyri

Árið 2018 bað fyrrum sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs skólastjórann í Grunnskólanum á Þingeyri um að taka að sér skólastjórn yfir leikskólanum Laufás í eitt ár, sem hann samþykkti. Í leikskólanum stefndi í mikla fækkun barna og ekki hafði tekist að ráða þar inn leikskólastjóra. Enn í dag er umrætt fyrirkomulag í gangi þar sem sama manneskjan er með stjórn leik- og grunnskólans á Þingeyri.

Í apríl 2021 sendu skólastjórar leik- og grunnskólanna á Flateyri og Þingeyri inn erindi til fræðslunefndar þess efnis að endurskoðað yrði það fyrirkomulag að skólastjóri stýri bæði leik- og grunnskóla á Þingeyri. Erindi skólastjórans á Flateyri hefur þegar verið tekið fyrir og það samþykkt m.a. þar sem heildarlaunakostnaður í leik- og grunnskóla þar lækkaði við framkvæmdina.

Erindi Ernu Höskuldsdóttur, skólastjóra á Þingeyri, var tekið fyrir á 429. fundi fræðslunefndar þann 10. júní 2021. Í gögnunum frá skólastjóranum má sjá að heildar launakostnaður við leik- og grunnskóla eykst við að ráða inn leikskólastjóra um kr.74.809.- á mánuði. Hins vegar var upphaflega um að ræða samkomulag milli fyrrum sviðsstjóra og skólastjórans á Þingeyri til eins árs, sem nú hefur enst í þrjú ár en ekki stefnumótandi ákvörðun af hálfu bæjaryfirvalda. Niðurstaða fræðslunefndar var því að leggja til að auglýst yrði eftir leikskólastjóra á Þingeyri og að vísa málinu áfram til bæjarráðs.

HG